

9. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að leggja megi niður Eyjardalsár kirkju m. fl.

1857.
25. apríl.

Eftir uppástungu herra stiptamtmannsins og yðar, háæruverðugi herra, í bréfi 15. október f. á., viðvíkjandi skipti á prestssetrinu Eyjardalsá í Þingeyjar prófastsdæmi fyrir jörðina Halldórsstaði, og um að leggja niður kirkjuna á Eyjardalsá, þá hefir stjórnarráðið allraþegnsamlegast borið þetta mál undir konung, og hefir Hans Hátígn 17. þ. m. allramildilegast þóknazt að samþykka:

- 1) að hafa megi skipti á prestssetrinu Eyjardalsá í Þingeyjar prófastsdæmi, með hjáleigunum Hlíðarenda og Hvarfi, fyrir alla sjálfseignarjörðina Halldórsstaði, og verður hún þá eign prestakallsins og bújörð prestsins, og skulu hin vanalegu hús fylgja sérhverri þessara jarða, með sanngjörnu ofanálagi ef þörf gjörist; við jarðaskiptin fylgja engin kúgildi jörðunum, en þau 3 kúgildi, sem nú eru á Eyjardalsá, skulu hëðanaf fylgja jörðunni Halldórsstöðum;
- 2) að leggja megi niður kirkju þá, sem nú er á Eyjardalsá, og að útkirkjan á Lundarbrekku verði eptirleidis eina kirkjan í sókninni, með þeim skilmálum, að eigandi hinnar síðarnefndu kirkju taki að sér að ábyrgjast, að henni verði óaðfinnanlega haldið við, og að hún, þegar þörf gjörist, verði stækkuð svo mikið á hans kostnað, að hún á hverjum tíma geti sómasamlega veitt öllum söfnuðinum rúm, og skal hann í uppbótar skyni hafa kirkjubýggínguna á Eyjardalsá og það sem kirkjan þar kann að eiga inni;
- 3) að skipta megi bæjum þeim, sem til þessa tíma hafa legið undir Eyjardalsár kirkjusókn, milli Lundarbrekku og Ljósavatns kirkjusókna, þannig: að bæirnir Sandhaugar, Kálfborgará, Heiðarsel og Brenniás sé lagðir til Lundarbrekku sóknar, en hinir bæirnir, nefnilega Eyjardalsá með hjáleigunum Hlíðarenda og Hvarfi, og Arndísarstaðir til Ljósavatns sóknar;
- 4) að selja megi við opinbert uppboð kirkjuskúða og áhöld

1857.

25. apríl.

kirkjunnar á Eyjardalsá, og skal þá skipta andvirðinu eptir fyrirsögn biskups milli hinna fátækari kirkna í prófastsðæminu eða í amtinu, eða þá að biskup eptir kringumstæðunum skipti þeim milli þeirra, án þess að uppboð fram fari, móti kvittun þess eða þeirra, sem við taka.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra frá, til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstöfunar.

30. apríl. **10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um ýmsar ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum¹.**

Í þóknanlegu bréfi 19. febrúar þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt ítarlegar frá fjárkláða þeim, sem upp er kominn í suður-umdæminu, og hafð þér um leið sent tvær auglýsingar², sem þér, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins, dagsettu 23.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin bréf líks efnis til amtmannanna í vestur- og norður-umdæmunum.

2) Auglýsingar þær, sem hér er um getið, eru svo hljóðandi:

I.

Það fjárkláði sá, sem kominn er upp hér í landi, hefir því miður útbreitt svo mjög, að velferð alls landsins liggur við því, að honum sé útrýmt, hefi eg, eptir að hafa gjört þær ráðstafanir, sem eg áleit óumflýjanlegar til bráðabyrgða, skýrt löggæzlustjórninum frá málefnum, og hefir hann ráðfært sig við dýralækningaráðið og fallizt á álit þess um málefnið yfirhöfuð, og þar næst skipað mér að haga framkvæmdunum í þessu efni samkvæmt því.

Það hlýtur að vera ljóst hverjum einum, að ekki tjáir í slíku málefni, sem varðar velferð alls landsins, að láta sérhverjum frjálst að fara eptir eigin hugþótta; því hljóta allir strengilega að fylgja reglum þeim, sem með þessu bréfi eru fyrirskipaðar, og varða afbrot gegn þeim sektum, eða eptir kringumstæðunum meiri hegningu.

Dýralæknir Teitur Finnbogason verður sendur til að ferðast um kring í amtinu, til þess að leita allra þeirra meðala, sem reynast mætti hentug til að útrýma sýkinni, og ber öllum að hlýðnast